

Alþingi
Erindi nr. P 139/738
komudagur 7.12.2010



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi 6. desember 2010.

Málefni: Þskj. 206-189. mál. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Lyfjafraeðingafélag Íslands (LFÍ) vill benda á að samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 þarf að afla markaðsleyfa fyrir lyf áður en þau eru flutt inn samkvæmt IV. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 og innflytjandi þarf að hafa tilskilin starfsleyfi samkvæmt XII. kafla lyfjalaga nr. 93/1994. Lyfjadreifing er hluti af heilbrigðisþjónustunni og vegna sérstöðu lyfja samanborið við aðrar vörur, beinir LFÍ þeim tilmælum til viðskiptanefndar að leita sérstaks álits Heilbrigðisnefndar, Heilbrigðisráðuneytis og Lyfjastofnunar vegna frumvarpsins og áhrif þess á innflutning og dreifingu lyfja hérlendis svo tryggt sé að farið sé að lyfjalögum við opinber innkaup lyfja.

LFÍ vísar í greinargerð með frumvarpinu þar sem fjallað er um hagræði af sameiginlegum útboðum án þess að farið hafi fram athugun á hver slík hagræðing gæti orðið. LFÍ bendir á að tölvuverður kostnaður fellur á lyfjapakkingu eftir að hún er keypt úr vöruhúsi hjá erlendum birgja. Flytja þarf lyfin til landsins, tryggja þarf að um rétt lyf sé að ræða, íslenskt markaðsleyfi lyfs þarf að vera til staðar og því viðhaldið og hýsa þarf lyfin við viðurkenndar aðstæður svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf að koma lyfjum inn á deildir sjúkrastofnana í réttu magni og á réttum tíma í samræmi við notkun. Í dag sinna fagaðilar þessum störfum og ábyrgjast gæði í lyfjadreifingu sem er mikilvægur hluti heilbrigðiskerfis Íslendinga. Það er ljóst að í því felst kostnaður, hver svo sem sér um framkvæmdina, sem þarf að taka tillit til. LFÍ beinir því þeim tilmælum til Viðskiptanefndar að hagræði af sameiginlegum útboðum lyfja eins og frumvarpið kveður á um, verði kannað til hlýtar áður en farið er af stað í breytingar á lögum um opinber innkaup.

Með kveðju,

Aðalheiður Pálmadóttir
Formaður LFÍ

V/Neströð – Pósthólf 252
172 Seltjarnarnes

Sími.: 354-561 6166
Fax.: 354 561 6182

Netfang: lfi@lfi.is
Heimasíða: <http://www.lfi.is>

Kennitala
430269-6239